Fiski - Rannsóknir - Ráðgjöf
Jón Kristjánsson, október 2015


Laxá á Ásum
Rannsókn á seiðabúskap 10-11. ágúst 2015

Inngangur

Vorið 2015 var það kaldasta síðan 1979. Á Norðurlandi var votviðrasamt allt sumarið en meira sólfar var á V- og NV- landi, nokkuð sem hafði jákvæð áhrif á vatnshita. Laxveiðin var með eindæmum góð V- og NV- lands, en síðri NA- og A- lands.
Rafstöðin í Laxá var ekki starfrækt sumrin 2014 og 2015 en var í gangi veturinn á milli. Ekki er þó líklegt að áin ofan rafveituskurðar hafi þornað upp þann vetur en til þess að það verði þarf langvarandi frostakafla. Aukin seiðaframleiðsla, vegna aukinna búsvæða, á svæðinu fyrir ofan rafveituskurðinn sumarið 2014 hefur því líklega skilað sér að fullu til sjávar vorið 2014 í hagstæðu tíðarfari. Hætt var að starfrækja rennslis- og hitamælinn í Neðri Laxá þegar raforkuframleiðslu var hætt. Engin hitagögn eru því til fyrir 2014, en síritandi hitamælir var settur niður við Holt og skráði hann hitann frá 7. maí til 11. ágúst 2015.

Laxveiðin 2015

1850 laxar veiddust 2015, þar af um 50 í fremri Laxá. Um 1500 var sleppt aftur.
Veiðin í nágrannaánum 2015 var svipuð og í Laxá. Þetta sést á mynd 1. Sami stígandi og fallandi hefur verið í Laxá, Víðidalsá og Vatnsdalsá frá 2008 en Laxá hefur haft vinninginn í veiði sl. tvö ár. Það hefur ekki gerst síðan árið 2000.




Mynd 1. Laxveiði í Víðidalsá, rautt, Vatnsdalsá, grænt, Laxá á Ásum, blátt, 1996-2015. Þessar ár sveiflast allar í sama takti og veiðin í þeim er mjög svipuð síðustu árin.

Niðurstöður seiðarannsókna

Tafla 1 sýnir fjölda laxaseiða á þeim 5 stöðvum sem veitt var á. Lítið veiddist af urriðaseiðum eða alls 6 stk. á móti 35 í 2014. Þau veiddust öll við Holt.

Stöð	Nafn	Dags	Stærð	Aldur								Samtals	Þéttleiki
Nr.				0+		1+		2+		3+			Fj./100 m²
			m²	no	ml	no.	ml	no	ml	no	ml		
1	Skotti	11/8	50	16	4.0	6	7.0	3	9.3	3	11.1	28	56
2	400 m neðan Skotta	11/8	50	9	3.5	12	6.2	1	9.7			22	44
3	Ofan Mána	11/8	40	5	3.5	3	5.5	1	7.0	3	9.4	12	30
4	Neðan Krókhyls	10/8	70	27	3.6	9	6.4	2	7.9	1	10	39	56
5	Holt	11/8	60	40	3.7	6	6	4	7.4	1	8.9	51	85
	Samtals:		270	96	3.6	36	6.0	11	8.0	8	9.4	152	56
	Fjöldi/100m²			36		13		4		3			

Tafla 1. Fjöldi veiddra laxaseiða í einni yfirferð á stöðvum 1-5 í Laxá á Ásum 2015



Mynd 2. Lengdardreifing veiddra laxaseiða 2015, grænu súlurnar lengst til vinstri. Ennig er sýndur fjölda veiddra laxaseiða 2013 og 2014. Gröfin eru í sama skala til að auðvelda samanburð. Sjá má að miklu meira er af smáseiðum en bæði 2014 og 2013.

Ástand og fjöldi seiða á einstökum veiðistövum

Stöð 1. Skotti
Mikið af seiðum af öllum aldursflokkum.



Mynd 3. Skotti



Mynd 4. Seiði úr Skotta. Seiðin eru í mjög góðum holdum.

Stöð 2. 400 m neðan við Skotta
Botninn á þessari stöð er fremur fínn miðað við svæðið í heild, en hér var mikið af seiðum af öllum árgöngum, ágætt ástand.
Svæðið fyrir ofan Mánafoss framleiðir mjög mikið af seiðum, enda botgerðin eins og best verður á kosið. Þá er vatnsmiðlun liðin tíð, ekkert fer lengur í gegn um rafveituskurðinn.

Stöð 3. Ofan við Mánafoss.
Botninn er mjög stórsteinóttur og sleipur og því var erfitt að veiða þarna í eins miklu vatni og var þennan dag. Þarna var mikið af seiðum af öllum árgöngum.

Stöð 4. Neðan við Krókshyl.
Mjög mikið af seiðum sérstaklega vorgömlum. Botninn sleipur og gróinn. Seiðin veiddust illa því mikið slapp fram hjá háfnum. Því er meira af seiðum en mælitölur í töflu 1 gefa til kynna.



Mynd 5. Seiði frá Krókshyl, stór urriðaseiði undan bökkunum til hægri.

Stöð 5. Holt
Yfirdrifið af seiðum af öllum stærðum. Svæðið er grunnt og smágrýtt. Þarna var mjög mikið af 0+ seiðum, lítið af eins árs fiski en nokkrir þaðan af stærri.




Mynd 6. Seiði frá Holti, urriðar neðst til vinstri. 0+ laxaseiði eru yfirgnæfandi.

Ár	Fjöldi seiða á 100 m²				
Aldur:	0+	1+	2+	3+	Samt
00	2	4	2		9
01	9	6	5		21
02	2	4	3	1	10
03	8	7	1		16
04	9	9	3		21
05	20	5	2		27
06	14	13	3		30
07	30	11	7	1	49
08	32	9	4	1	46
09	14	16	9	1	40
10	64	13	10		88
11	41	13	7	1	62
12	16	10	4	1	31
13	9	19	10	6	43
14	33	10	6	1	49
15	36	13	4	3	56

Tafla 2. Þróun á mældum seiðaþéttleika í Laxá á Ásum 2000-2015.

Þróun á seiðaþéttleika frá 2000


Þetta sést í töflu 2 og á mynd 7. Vorgömlum seiðum (0+) hefur fjölgað mikið seinni hluta tímabilsins, en fjöldi eins og tveggja ára seiða haldist nokkuð stöðugur frá 2007.




Mynd 7. Þróun í fjölda seiða 2000- 2015. Bláa línan sýnir 0+, græna línan 1+ og sú rauða sýnir tveggja ára seiði

Vatnshiti

Vatnshiti var mældur með síritandi hitamæli á þriggja tíma fresti 24. apríl - 11. ágúst.
Vatnshitinn í maí og júní er mikilvægur fyrir gönguseiði sem eru að búa sig undir sjávargöngu.
Hitinn þetta tímabil er talsvert lægri 2015 en hann var 2010. Vorið 2015 var einnig kaldara en vorið 2011.



Mynd 8. Vatnshiti í Laxá á Ásum 24/4-1/7 2015.
Mælt var á þriggja tíma fresti, 12.00, 15.00 o.s.frv. Hægri ásinn sýnir hita frá 0-19 °C með einnar gráðu millibili. Dægursveiflur geta verið miklar þegar sólin skín, eða allt að 7 gráður frá morgni til hádegis.



Mynd 9. Samanburður á vatnshita að vori árin 2001, 2011 og 2015. Græn lína er 2015, rauð 2010 og blá er 2011.
Hitinn var mun lægri nú í vor en hann var vorið 2011.